

Fréttabréf Mílu

6. tbl. apríl 2008

Kjarnastarfsemi Mílu ehf. er að byggja upp og reka fullkomna fjarSKIPTANET á Íslandi. Önnur fjarSKIPTAFYRIRTÆKI tengjast þessu neti í gegnum mismunandi lausnir. Hlutverk Mílu ehf. er að selja lausnir sínar til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjarSKIPTASTARFSEMI. Míla ehf. sérhæfir sig m.a. í rekstri og ráðgjöf vegna fjarSKIPTAKERFA, aðstöðuleigu fyrir upplýsingatækni og annarri þjónustu við dreifikerfi.



Míla og Farice semja um fjarSKIPTAÞJÓNUSTU

Farice hf. og Míla ehf. hafa samið um fjarSKIPTAÞJÓNUSTU til tíu ára. Samningurinn felur í sér að Míla veitir fjarSKIPTAÞJÓNUSTU til Farice, vegna uppbyggingar á nýja sæstrengnum Danice og stækkana sambanda á FARICE-1 sæstrengnum.

Vegna þessarar þjónustu þarf að margfalda flutningsgetu á við það sem fjarSKIPTAFYRIRTÆKI á Íslandi hafa fram að þessu getað boðið. Til þess að geta veitt þjónustuna mun Míla byggja upp nýtt og öflugt bylgjulengdarkerfi í ljósleiðarakerfi sínu til þess að flytja fjarSKIPTAUMFERÐ í tengslum við báða sæstrengina; FARICE-1 OG DANICE. DANICE-strengurinn kemur á land á Landeyjasandi í nóvember næstkomandi og verður kerfi Mílu tilbúið þá.

ViðSKIPTAVINIR MÍLU munu eiga kost á að kaupa enn meiri bandbreidd hjá okkur eftir þessa breytingu á kerfinu," segir Páll Á. Jónsson, framkvæmdastjóri Mílu.

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá Pál Á. Jónsson, framkvæmdastjóra Mílu og Guðmund Gunnarsson, framkvæmdastjóra Farice við undirritun samningsins.



Mynd: Sigurður Salómon Gear

Míla eins árs

Míla var stofnuð 1. apríl 2007. Fréttatilkynning var birt í öllum fjölmiðlum og margir héldu að um vandlega ígrundað apríl-gabb væri að ræða sem allir fjölmiðlar væru þátttakendur að. En annað kom á daginn og nú fagnar Míla eins árs afmæli sínu.

Míla á og rekur víðtækasta fjarSKIPTAKERFIÐ á Íslandi og eitt það öflugasta í heimi. Þrátt fyrir ungan aldur byggir Míla á 100 ára reynslu á sviði fjarSKIPTA.

Starfsmenn Mílu fögnuðu þessum tímamótum með því að gæða sér á afmælisköku og fleira lostæti sem boðið var upp á í tilefni dagsins.



Mynd: Þórdís Rúnars Þórsdóttir

Míla kynnti starfsemi sína á Verk og vit

Míla tók þátt í sýningunni Verk og vit sem haldin var í Laugardalshöllinni, dagana 17. til 20. apríl. Sýningin var tileinkuð íslenskum byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð. Tilgangurinn með þátttökunni var fyrst og fremst að vekja athygli á fyrirtækinu Mílu, hvað það er sem felst í starfsemi þess, kynna vörur og þjónustu fyrirtækisins og ekki síst nýjungar í vöruframboði.

Um 100 sýnendur voru skráðir til leiks að þessu sinni og var aðsóknin vonum framar, en talið er að um 18 þúsund manns hafi heimsótt sýninguna þessa fjóra daga sem hún stóð yfir.

Sýningin var ótvírætt góður vettvangur fyrir Mílu að gera sig sýnilegri á hinum almenna markaði og telja má víst að Míla hafi haft mikinn hag af því að taka þátt.



Mynd: Sigurður Salómon Gear